



FJARÐABYGGÐ

Fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar árið 2016

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar

19. nóvember 2015

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
1.1. FJÁRHAGSÁÆTLUN 2016	3
1.2. HELSTU NIÐURSTÖÐUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR FYRIR ÁRIÐ 2016	6
1.3. FORSENDUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR FYRIR ÁRIÐ 2016.....	8
1.4. FJÁRFESTINGAÁÆTLUN 2015.....	12
1.5. SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR 2016	13
1.6. REKSTRARREIKNINGUR SAMSTÆÐU FJARÐABYGGÐAR 2016.....	15
1.7. EFNAHAGSREIKNINGUR SAMSTÆÐU FJARÐABYGGÐAR 2016.....	16
1.8. SJÓÐSSTREYMISYFIRLIT SAMSTÆÐU FJARÐABYGGÐAR 2016	17
1.9. MÁLAFLOKKAYFIRLIT SAMSTÆÐU FJARÐABYGGÐAR 2016	18

1.1. Fjárhagsáætlun 2016

Tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2016 er hér með lögð fram til seinni umræðu í bæjarstjórn Fjarðabyggðar. Nokkur óvissa einkennir áætlunargerðina vegna aðstæðna í ytra umhverfi sveitarfélagsins. Ekki liggja fyrir niðurstöður í kjaraviðræðum fjölda starfsmanna sveitarfélaga og ekki heldur endanleg áhrif á tekjumissi Fjarðabyggðar vegna innflutningsbanns Rússlands. Sett hefur verið varúðarfærsla í tekjuáætlun sveitarfélagsins vegna þessa, en óvissa er enn um launaútgjöld sveitarfélagsins vegna kjarasamninga

Að veltu samanstendur tillagan af tölulegri umfjöllun um annars vegar A-hluta bæjarsjóðs og hins vegar samtekt á A- og B-hluta ásamt greinargerð. Í A-hluta er aðalsjóður og eignasjóðir, en veitustofnanir í B-hluta, rafveita, hitaveita, vatnsveita og fráveita, auk hafnarsjóðs, félagslegra íbúða og sorpstöðvar.

Grunnmarkmið fjárhagsáætlunarinnar er að treysta rekstrargrundvöll sveitarfélagsins með hallalausum rekstri. Í megindráttum er unnið að því marki með tvenns konar hætti.

- Bæjarsjóður standi undir afborgunum lána ásamt öðrum skuldbindingum. Þetta markmið, að rekstur sveitarfélagsins standi undir sér, kallar á stöðugt eftirlit með því að jafnvægi sé á milli tekna og gjalda. Lækki tekjur þarf að tryggja að gjöld lækki á móti, svo að sveitarfélagið sé ekki rekið með tapi. Hallarekstur grefur undan rekstrargrundvelli til bæði skemmri og lengri tíma litið. Skv. niðurstöðum fjárhagsáætlunarinnar, nemur afgangur af heildarrekstri sveitarfélagsins í A- og B-hluta 414 millj.kr. og er það nokkuð lakari niðurstaða en útkomuspá sveitarfélagsins fyrir árið 2015 gerir ráð fyrir. Helsta skýringin er sú að rekstrarkostnaður hækkar meri meira en tekjur sveitarfélagsins. Þá er A-hlutinn rekinn með afgangi eða 97 millj. kr.
- Lán eru ekki tekin fyrir rekstri eða reglubundnum afborgunum lána. Samhliða uppbyggingu álvers á árunum 2004 – 2008 og þeirri miklu atvinnuuppbyggingu sem þá átti sér stað, var ráðist í umtalsverðar fjárfestingar í innviðum sveitarfélagsins á skömmum tíma. Þær aðgerðir kölluðu á lántökur, sem var því aðeins stofnað til, að aukin atvinnustarfsemi gerði sveitarfélaginu kleift að standa undir auknum skuldbindingum. Þrátt fyrir efnahagshrunið árið 2008, hafa þessar áætlanir gengið eftir og að sama skapi verður skuldsetning sveitarfélagsins bráðlega innan lögbundinna viðmiðunarmarka. Lántökur vegna fjárfestinga eru eðlilegur hluti af starfsemi sveitarfélaga, standi rekstur á annað borð undir skuldbindingum. Hvað Fjarðabyggð snertir, er sveitarfélaginu á hinn bóginn skylt að vinna áfram að lækkun skuldaviðmiða. Aukin lántaka vinnur gegn því markmiði og af þeim sökum verður að tryggja að handbært fé sé til staðar, svo að sveitarfélagið þurfi ekki að sækja yfirdráttarlán til lánastofnana. Þessu marki verður náð með fjárhagsáætlun ársins 2016, þó að nokkuð gangi á handbært fé vegna framkvæmda.
- Áætlað er að handbært fé frá rekstri verði um 1.131 millj. kr. til að standa straum af reglubundnum afborgunum lána upp á um 550 millj. kr. og fjárfestingum fyrir 800. millj. kr. Ljóst er því að gengið verður á handbært fé Fjarðabyggðar á árinu 2016 en í árslok 2015 er áætlað að handbært fé verði um 565 millj. kr. Óhefðbundin afborgun lána er síðan á gjalddaga í september 2016 og er gert ráð fyrir því að sú afborgun verði endurfjármögnuð með lengra láni.

Hvað útsvarstekjur sveitarfélagsins snertir, er gert ráð fyrir hækkun á milli ára frá útgönguspá ársins 2015, en hafa verður þann vara á, að magn- og verðþróun á útfluttum fiski og áli getur haft þar áhrif á í raun. Ræðst það m.a. af gengi í uppsjárvarveidum, sér í lagi á loðnu, sem og skerðingum í kvóta. Tekjuspá sveitarfélagsins fyrir árið 2016 er því venju samkvæmt unnin af varúð. Þá er varúðarreglunni einnig beitt vegna innflutningbanns Rússa. Tekjugrunnurinn er engu að síður sterkur; hvílir á stöðum öflugra fyrirtækja í sjávarútvegi, áframleiðslu og tengdri þjónustu.

Þjónustuiðnaður við útflutningsgreinarnar skiptir verulegu máli og er vaxandi þáttur í atvinnulífi sveitarfélagsins. Þau fyrirtæki, sem hér um ræðir, spretta fram af álversuppbyggingunni og munar mikið um starfsemi þeirra. Líkt og í fjárhagsáætlun fyrri ára, má einnig merkja aukinn kraft í almenntri þjónustu, s.s. ferðaþjónustu, veitinga- og gistihúsarekstri, verslun o.fl. Framboð í gistingu hefur verið að aukast og einnig í veitingaþjónustu og afþreyingu. Mun það laða fleiri ferðamenn að og skjóta enn styrkari stöðum undir vöxt þessara þjónustugreina. Fleiri jákvæð teikn eru á lofti, s.s. beint flug frá Lundúnum til Egilsstaða sem hefst í maí nk. og viðkoma skemmtiferðaskipa í höfnum Fjarðabyggðar. Allt styrkir þetta samfélagsþróun og rekstrargrundvöll sveitarfélagsins.

Hvað útgjaldahliðina varðar, verður aðhald mikið í rekstri sveitarfélagsins og dregið verður úr einhverjum rekstrarþáttum, eins og lýst er í starfsáætlunum. Mikilvægt er til skemmri og lengri tíma litið, að dregið verði úr rekstrarumfangi sveitarfélagsins, án þess þó að það komi niður á þjónustu við íbúa. Skoða verður áfram hvernig ná megi fram hámarks hagræðingu í þjónustu, stuðla að hagræðingu ýmissa rekstrarþátta stofnana og einfalda stjórnun þeirra. Þessi vinna hófst í ársbyrjun, m.a. með utanaðkomandi ráðgjöf og samráði við íbúa sveitarfélagsins og hefur þegar skilaði af sér álitlegum tillögum og ábendingum, eins og rakið er í skýrslu KPMG, *Fjarðabyggð til framtíðar*. Mikilvægt er að þessi umfangsmikla og vandaða vinna nýtist í rekstri sveitarfélagsins sem skyldi.

Fjárhagsáætlunin leggur áframhaldandi áherslu á velferð fjölskyldufólks í Fjarðabyggð. Fæðisgjaldskrá grunnskóla og gjaldskrá leikskóla og tónlistarskóla standast enn samanburð við önnur sveitarfélög, sbr. systkinaafslátt í leikskólum sem og milli frístundaheimila og leikskóla. Systkinaafsláttur leikskólagjalda er óbreyttur og er, ásamt tónlistarskólagjöldum, með því hagstæðasta sem gerist á landinu. Einnig er stefnt að því að styrkja starf leik- og grunnskóla á árinu 2016, sbr. áframhaldandi átak í læsi, stærðfræði og raungreinum, svo að fátt eitt sé nefnt.

Þá heldur uppbygging á tölvubúnaði áfram í grunn-, leik- og tónlistarskólum, með þeim jákvæðu áhrifum sem það hefur fyrir starfsumhverfi kennara og þjónustu við nemendur. Um er að ræða bæði tölvur og þráðlausar nettengingar í leikskólum.

Í umhverfismálum verður áfram unnið að deiliskipulagi hverfa og svæða, eins og nánar er fjallað um í starfsáætlun. Mikilvægt er að sá aukni metnaður og áþreifanlegi árangur haldist, sem náðst hefur í fegrun bæjarkjarna. Sorpflokkun og endurvinnsla skipar sífellt stærri sess í rekstri sveitarfélagsins. Ráðinn hefur verið sérfræðingur í umhverfismálum sem vinnur að því, að lækka kostnað íbúa vegna sorphirðu samhliða aukinni endurvinnslu og minni sorphirðu.

Sá góði liðsauki miðar svo ekki síður að því, að styrkja stöðu umhverfismála í Fjarðabyggð í þágu bæði samfélagsins og náttúrunnar.

Framkvæmdir verða töluverðar á árinu 2016. Auk þess sem unnið verður áfram að ofanflóðavörnum í Neskaupstað og á Eskifirði, standa yfir framkvæmdir við nýjan leikskóla í Neskaupstað. Þá verða framkvæmdir áfram töluverðar á vegum Fjarðabyggðarhafna. Heildarfjármagn til framkvæmda á árinu 2016 er áætlað 804 m.kr. Gert er ráð fyrir að sterk sjóðsstaða og fjárflæði frá rekstri standi undir fjárfestingum sem og afborgunum ársins.

Mikil aðhaldssemi hefur verið viðhöfð í rekstri sveitarfélagsins á síðustu árum og dregið úr ýmsum rekstrarþáttum. Lögð hefur verið áhersla á að standa vörð um lögbundna þjónustu sveitarfélagsins með sérstaka áherslu á fræðslu-, uppeldis- og æskulýðsmál.

Við gerð fjárhagsáætlunar 2016 munu flestar gjaldskrár hækka í samræmi við áætlaða verðlagsþróun, með lítilsháttar undantekningum þó.

Eins og komið hefur í ljós, draga sterkir innviðir sveitarfélagsins að sér áhuga fjárfesta. Hefur þessi áhugi einkum beinst að atvinnuuppbyggingu í hafnsækinni starfsemi, s.s. vegna olíuleitar á Drekasvæðinu. Slíkur áhugi sýnir sterka stöðu sveitarfélagsins til framtíðar litið, sem endurspeglast í þeirri fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram.

Eins og áður segir, verður mikið aðhald í rekstri sveitarfélagsins á næstu árum og áfram verður hagræðingartækifæra leitað. Sú fjárhagsáætlun, sem hér er lögð fram, er unnin með hliðsjón af fjármálareglum og fjárhagslegum viðmiðum sveitarfélaga skv. sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

Skal nú vikið að helstu niðurstöðum fjárhagsáætlunar 2016.

1.2. Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016

Heildartekjur samstæðu A og B hluta eru áætlaðar 6.006 m.kr. á árinu 2016 en heildarkostnaður 5.246 m.kr. Þar af eru launaliðir 2.990 m.kr., annar rekstrarkostnaður 1.821 m.kr. og afskriftir 435 m.kr. Heildartekjur í A hluta eru áætlaðar 4.629 m.kr. en heildarkostnaður 4.287 m.kr. Þar af eru launaliðir 2.739 m.kr., annar rekstrarkostnaður 1.343 m.kr. og afskriftir 205 m.kr.

Rekstrarafgangur samstæðu A og B hluta fyrir fjármagnsliði er áætlaður 760 m.kr. Þar af er rekstrarafgangur A hluta 342 m.kr. Að teknu tilliti til fjármagnsliða verður rekstrarafgangur samstæðunnar 414 m.kr. en rekstrarafgangur í A hluta verður að fjárhæð 97 m.kr. Hrein fjármagnsgjöld samstæðu eru áætluðuð 345 m.kr. og 245 m.kr. hjá A-hluta.

Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar 8.788 m.kr. í árslok 2016 hjá samstæðu A og B hluta og 8.053 m.kr. hjá A hluta. Þar af eru reiknaðar lífeyrisskuldbindingar 2.116 m.kr. hjá samstæðu og 1.986 m.kr. hjá A-hluta. Á meðal langtímaskulda í efnahagsreikningi eru skuldir við lánastofnanir 5.413 m.kr. og reiknaðar leiguskuldir 192 m.kr. hjá samstæðu. Hjá A hluta eru skuldir við lánastofnanir á meðal langtímaskulda að fjárhæð 3.910 m.kr. og reiknaðar leiguskuldir að fjárhæð 161 m.kr.

Í 64 gr. nýrra sveitarstjórnarlaga, er tóku gildi 1. janúar 2012, er kveðið á um að skuldaviðmið A og B hluta sé ekki hærra en sem nemur 150% af reglubundnum tekjum Fjarðabyggðar. Gefinn var 10 ára aðlögunartími til að ná hlutfallinu eða til ársins 2022 en Fjarðabyggð uppfyllti ekki þetta skilyrði laganna. Miðað við skilgreiningu á skuldaviðmiði, samkvæmt útgefinni reglugerð, var framangreint skuldaviðmið áætlað 151% í árslok 2015 hjá samstæðunni. Nú gerir útgönguspá ársins 2015 ráð fyrir að þetta hlutfall náist á árinu 2015 og verði þá 145,3% í árslok. Miðað við langtímaáætlun bæjarstjórnar (10 ár, 2013-2023) var gert ráð fyrir að sveitarfélagið myndi ná viðmiðunarhlutfallinu, 150%, í árslok 2018.

Í fjárhagsáætlunarferlinu hefur verið lögð áhersla á að horfa á sjóðstreymi í A hluta með það að markmiði að veltufé standi undir greiðslum af lánnum og framkvæmdum. Það markmið næst ekki á árinu 2016 vegna mikilla framkvæmda við nýjan leikskóla á Norðfirði. Þá hefur verið, eins og áður, lögð áhersla á að rekstur B hluta fyrirtækja sé í rekstrarlegu jafnvægi og sjóðflæði standi undir öllum skuldbindingum. Fjarðabyggð hefur ávallt verið í góðum samskiptum við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga vegna skuldastöðu þess.

Eigið fé samstæðunnar er áætlað 3.099 m.kr. í árslok 2016 og eiginfjárhlutfall 26%. Í A hluta er eigið fé áætlað neikvætt um 151 m.kr. í árslok 2016.

Samkvæmt sjóðstreymisyfirliti er handbært fé frá rekstri í samstæðu 2016 áætlað 1.131 m.kr. og afborganir langtímalána 1.313 m.kr. Lækkun á handbæru fé á árinu nemur 202 m.kr. Handbært fé frá rekstri í A hluta nemur 521 m.kr. og greiðslur til A hluta af langtímakröfum eru 39 m.kr. Afborganir langtímalána eru áætlaðar 1.023 m.kr. í A hluta. Vegna lokagreiðslu á láni við Lánasjóð sveitarfélaga er gert ráð fyrir í áætluninni afborgun að upphæð 770 m.kr. en jafnframt nýrri lántöku uppá sömu upphæð. Gert er ráð fyrir að hluti sveitarfélagsins í framkvæmdum við snjóflóðavarnarmannvirki á Norðfirði á árinu 2016 verði fjármagnaður

með láni frá Ofanflóðasjóði samtals að fjárhæð 12 m.kr. á árinu 2016. Handbært fé í árslok 2016 er áætlað 363 m.kr.

Samkvæmt fjárhagsáætlun er framlegðarlutfall (EBIDTA) 20% í samstæðu og 12% í A hluta. Háar útsvarstekjur á íbúa, hátt atvinnustig og sterk staða fyrirtækja á svæðinu gerir það að verkum að sveitarfélagið getur tekist á við rekstur og skuldir af krafti á komandi árum.

Heildarfjárfesting á árinu 2016 er áætluð samtals 804 m.kr. Stærstu verkefni á næsta ári er lok á umfangsmiklum framkvæmdum við stækkun togarahafnar á Norðfirði, nýrrar lóðar og bryggju vegna netagerðarverkstæði, nýrrar bryggju í Fáskrúðsfjarðarhöfn auk annarra verkefna hafnarsjóðs, lok framkvæmda við nýjan leikskóla í Neskaupstað, áframhaldandi bygging snjóflóðavarnarmannvirkja á Norðfirði, og Eskifirði auk minni verkefna víðs vegar um sveitarfélagið.

Til viðhaldsverkefna á fasteignum Fjarðabyggðar og leiguíbúðum er gert ráð fyrir að verja um 98 m.kr.

1.3. Forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016

Hér er fjallað um helstu forsendur sem lagðar eru til grundvallar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016.

Skatttekjur:

Skatttekjur samanstanda af útsvari, fasteignasköttum og lóðarleigu. Fjárhagsáætlun 2016 gerir ráð fyrir að heildarskatttekjur nemi 3.983 m.kr. samanborett við 3.505 m.kr. í fjárhagsáætlun fyrir árið 2015. Aukning á milli ára nemur 13,6% og skýrist aukningin af hækkun útsvarstekna, fasteignaskatts og lóðarleigu. Áætluð raunhækkun skatttekna er 7,9% frá útgönguspá ársins 2015

Útsvar:

Útsvarshlutfall breytist ekki á milli ára og verður 14,48%. Útsvarsheimildir eru áfram fullnýttar til að standa undir rekstri og afborgunum lána í A hluta.

Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur hækki um 12,3% frá áætlun ársins 2015 og verði 2.670 m.kr. á árinu 2016 samanborett við 2.377 m.kr. í áætlun ársins 2015. Útsvarstekjur ársins 2015 stefna hins vegar í að verða um 2.502 m.kr eða um 125 m.kr. umfram áætlun ársins og er því raunaukningin áætluð 6,3%. Enn er mikil óvissa vegna áhrifa viðskiptabanns Rússa á innflutning á sjávarafurðum og er í þessari áætlun gert ráð fyrir að útsvarstekjur Fjarðabyggðar hækki í samræmi við almenna launaþróun milli árána 2015 til 2016 en þó ekki þeim hluta útsvarstekna sem ætlaðar eru af störfum við fiskveiðar.

Mikil óvissa ríkir um sölu á uppsjávarafurða á árinu 2016 auk þess sem veiðikvóti fyrir loðnu liggur ekki fyrir. Gert er ráð fyrir að aðrar veiðiheimildir í uppsjávarfiski haldist lítt breyttar milli ára. Óvissa ríkir um afurðarverð en erfitt er að áætla fyrir breytingum. Fjarðabyggð er stærsta löndunarhöfn á uppsjávarfiski, sveiflur í veiðum, sölu eða verðum hefur því mikil áhrif á fjárhag Fjarðabyggðar. Vegna þessa er eru óvissa í tekjum hafnarsjóðs og álagningu útsvars. Tekin er sérstök varúðarfærsla í mati á spá fyrir hafnargjöldum og útsvarstekjum á árinu 2016.

Ekki er reiknað með neinni eftiráálagningu útsvars vegna ársins 2015 í útsvarstekjum ársins 2016. Eftir á álagning nam um 52 m.kr. á árinu 2015.

Fasteignaskattar og lóðarleiga:

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði og lóðarleiga á íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði hækki frá álagningu 2015. Hækkunin mun nema um 25 m.kr. umfram breytingar á fasteignamati milli ára.

Við áætlun fasteignaskatts og lóðarleigu er byggt á útgefni fasteigna- og lóðarmati frá Þjóðskrá Íslands sem gildir fyrir árið 2016. Samkvæmt útgefni mati hækkar matsstofn íbúðarhúsnæðis um 3,5%, atvinnuhúsnæðis um 12,3%, en matsstofn lóðarleigu íbúðarhúsnæðis um 6,5% og matsstofn lóðarleigu atvinnuhúsnæðis um 3,9%. Gert er ráð fyrir eftirfarandi álagningarhlutföllum á árinu 2016:

- álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði verði 0,50% og hækki um 2 prómill.
- álagningarhlutfall fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði fer úr 1,63% í 1,65% og hækki um 2 prómill.
- álagningarhlutfall fasteignaskatts á opinbert húsnæði verður óbreytt eða 1,32%
- álagningarhlutfall lóðarleiga íbúðarhúsnæðis verði 0,70% og hækki um 17 prómill.
- álagningarhlutfall lóðarleigu atvinnuhúsnæðis verði 3% og hækki um 1%.

Breyting á matsstofni og breyting álagningarhlutfalls mun auka fasteignaskattstekjur sem nemur 11 m.kr. á íbúðarhúsnæði og 21 m.kr. á atvinnuhúsnæði. Á sama hátt mun lóðarleiga vegna íbúðarhúsnæðis hækka um 5,9 m.kr. og 15 m.kr. vegna atvinnuhúsnæðis. Áætlað er að um 5,6 m.kr. verði veittar í afslátt til elli- og örorkuþega af fasteignaskatti á árinu 2016 og miðað við sömu meginforsendur afsláttar og áður.

Hækkun fasteignaskatta frá álveri er áætluð um 18,2 m.kr. á milli ára sem skýrist af breytingum á byggingarvísitölu.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga:

Gert er ráð fyrir að framlög frá jöfnunarsjóði verði í samræmi við útgefnar áætlanir sjóðsins á árinu 2015 eða 2016 og nemi samtals 538 m.kr. á árinu. Tekjur jöfnunarsjóðs grundvallast á eftirfarandi fjórum tekjustofnum sem síðan er deilt út til sveitarfélaga:

- Framlag úr ríkissjóði sem nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.
- Árlegt framlag úr ríkissjóði sem nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars vegna næstliðins tekjuárs.
- Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga sem nemur 0,77% af álagningarstofni útsvars hvert ár. (tilkomið vegna yfirfærslu grunnskólans)
- Vaxtatekjur.

Með flutningi á málefnum fatlaðra um áramótin 2011/2012 bættust við 1,2% við útsvarstofn sveitarfélaga. Af 1,2% hækkun koma 0,25% með útsvarstekjum og 0,95% í gegnum jöfnunarsjóð. Enn standa yfir viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um aukin framlög til málefna fatlaðra en 2014 og 2015 var hlutur jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðra aukinn um 0,04% á ári.

Aðrar fasteignatengdar tekjur:

Vatnsgjald:

Vatnsgjald er óbreytt á milli ára eða 0,28% af húsmati. Tekjur af vatnsgjaldi eru áætlaðar 107 m.kr. og hækka um 3,6 m.kr. í krónum talið.

Holræsagjöld:

Holræsagjald er óbreytt á milli ára eða 0,32% af fasteignamatsstofni. Tekjur af holræsagjaldi eru áætlaðar 121 m.kr. og hækka um 4,1 m.kr. í krónum talið.

Sorphreinsunar- og sorpförgunargjöld:

Sorphreinsunar- og sorpförgunargjöld hækka um 3,2% á árinu 2016. Gjaldið fyrir sorphreinsun verður 23.788 kr. og 11.290 kr. fyrir sorpförgun. Útreiknuð hækkun tekna er áætluð 2,4 m.kr. vegna þessa.

Grunnskólar, heilsdagsskólar, leikskólar og tónskólar

Leikskólagjöld í samræmi við verðlagsþróun árinu 2016 en hafa ekki verið hækkuð í Fjarðabyggð síðan árið 2012. Áætlunin fyrir árið 2016 gerir ráð fyrir að gjaldskrár fyrir heildagsskóla, skólamáltíðir og tónskóla hækki í samræmi við almenna verðlagsþróun

Aðrar gjaldskrár:

Útgefið viðmið vegna annarra gjaldskráa á árinu 2016 er í samræmi við almenna verðlagsþróun. Umrædd hækkun var gefin út sem viðmið en misjafnt er hversu miklar hækkarnir eru á einstökum gjaldskráum. Þá eru nokkrar gjaldskrár sveitarfélagsins tengdar byggingavísitölu.

Laun og launatengd gjöld:

Launaáætlun ársins 2016 byggist á áætlunum stjórnenda einstakra sviða og stofnana um fjölda starfsmanna, starfshlutföll og fjölda yfirvinnutíma. Við útreikning launa er miðað við gildandi kjar- og ráðningarsamninga. Þar sem ósamið er við öll stéttarfélög nema grunnskólakennara þá er launakostnaður ársins 2016 byggður á mati um áhrif væntanlegra kjarasamninga á launakostnað einsog hann var í september 2015. Laun og launatengd gjöld eru áætluð samtals 2.990 m.kr. hjá samstæðu A og B hluta á árinu 2016. Þar af eru 169 m.kr. vegna reiknaðrar hækkunar lífeyrisskuldbindinga. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 eru laun og launatengd gjöld áætluð samtals 2.669 m.kr. og þar af var reiknuð hækkun lífeyrisskuldbindinga 155 m.kr. Kjarasamningar sveitarfélaga hafa aukið launaútgjöld Fjarðabyggðar verulega umfram verðlag og skatttekjur. Þannig eru laun og launatengd gjöld fyrir samstæðu í útgönguspá fyrir árið 2015 áætluð 2.741 m.kr. eða 72 m.kr. hærri en upphaflega fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

Almennir rekstrarliðir:

Með miklu aðhaldi og hagsýni í rekstri mun annar rekstrarkostnaður fyrir samstæðu A og B hluta fyrir utan afskriftir nema samtals 1.821 m.kr. á árinu 2016 og hækki um 136 m.kr. eða um 9,7% á milli ára. Gert er ráð fyrir að veitt verði áfram framlag úr A hluta til félagslegra íbúða, úr málaflokki 02 (Félagsþjónusta), að fjárhæð 42 m.kr. vegna fjárvöntunar í rekstri félagslegs húsnæðis.

Afskriftir:

Afskriftir fastafjármuna nema samtals 435 m.kr. í áætlun ársins 2016 og hækka um 10 m.kr. á milli ára. Afskriftir í A hluta eru áætlaðar 205 m.kr.

Fjármagnsliðir:

Vaxtakostnaður í áætlun ársins 2016 miðast við núverandi vaxtakjör. Meðalbreyting verðlags er áætluð 3,2% á árinu 2016 í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á gengi íslensku krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum á árinu 2016. Langtímalán innan samstæðu þ.e. á milli A og B hluta eru verðtryggð vaxtaberandi lán. Þá eru allir viðskiptareikningar í samstæðu vaxtareiknaðir.

1.4. Fjárfestingaáætlun 2015

Áætlaðar fjárfestingar á árinu 2016 í A hluta og B hluta greinast með neðangreindum hætti:

Fjárfestingaáætlun ársins 2016	í þús kr.	Fjárfestingarí B hluta framhald.	í þús kr.
Eignasjóður		Vatnsveita:	
Hluttur í snjóflóða vörnum Eskifirði	15.000	Skólavegur - vatnslagnir	4.000
Hluttur í snjóflóða vörnum í Neskaupstað	2.000	Vatnsöflun Fáskrúðsfirði	4.000
Nýr leikskóli í Neskaupstað	313.000	Vatnsöflun Eskifjörður	4.000
Stúka við íþróttavöll Eskifirði	8.000	Girðingar Eskifirði	5.000
Aðstöðuhús íþróttavelli Neskaupstað	5.000	Óráðstafað	3.000
Helgustaðanáma Eskifirði	7.000	Samtals Vatnsveita	20.000
Gatnagerð - nýframkvæmdir	25.000	Sorpmiðstöð Fjarðabyggðar:	
Tekjur af gatnagerðargjöldum	-20.000	Rampur á gámavelli Eskifirði	2.500
Tækjamíðstöð til tækjakaupa	11.000	Gámavöllur girðing Eskifirði	1.500
Samtals A - hluti Eignasjóður	366.000	Ófyrirséð	1.500
Fjárfestingar hjá B - hluta stofnana		Samtals Sorpmiðstöð Fjarðabyggðar	5.500
Hitaveita Fjarðabyggðar:		Samtals fjárfestingar annarra stofnana	63.500
Jarðhitaleit	8.000	Fjárfestingar hafnarsjóðs	
Samtals Hitaveita Fjarðabyggðar	8.000	í þús kr.	
Rafveita Reyðarfjarðar:		Hafnarsjóður Fjarðabyggðar:	
Endurbætur á rafstöð	2.500	Grótvörn og ófyrirséð	55.000
Styrking á dreifikerfi	3.500	Neskaupstaðarhöfn	136.000
Samtals Rafveita Reyðarfjarðar	6.000	Fáskrúðsfjarðarhöfn	155.000
Fráveita:		Stöðvarfjarðarhöfn	35.000
Endurbætur við Krókárleiru Eskifirði	6.000	Samtals Hafnarsjóður Fjarðabyggðar	381.000
Lagnir vegna nýs leikskóla Neskaupstað	16.000	Samtals fjárfestingar í B - hluta	
Skólavegur - fráveitulagnir	2.000	444.500	
Samtals Fráveita	24.000	Samtals fjárfestingar í A og B - hluta	
		810.500	

Helsta fjárfesting í A-hluta á árinu 2016 er vegna byggingar á nýjum leikskóla í Neskaupstað auk samningsbundinna verkefna við snjó og ofanflóðavarnir á Norðfirði og Eskifirði. Þá er gert ráð fyrir nokkrum minni verkefnum. Áformað er að taka nýja leikskólann í notkun í ágúst 2016.

Stærstu framkvæmdir í B-hluta eru vegna stækkunar á Fáskrúðsfjarðarhöfn í tengslum við nýja frystigeymslu og Norðfjarðarhöfn í tengslum við byggingu nýrrar netagerðar.

Nánar er fjallað um fjárfestingar í starfsáætlunum einstakra sviða fjárhagsáætlunarinnar.

1.5. Samandregnar niðurstöður fjárhagsáætlunar 2016

Fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar, kennitölur, afkoma og efnahagsstærðir			
A hluti:	Ársreikningur 2014	Útgögnuspá 2015	Áætlun 2016
Heildartekjur.....	4.102.672	4.263.451	4.629.377
Afkoma fyrir fjármagnsliði.....	164.196	280.399	342.370
Rekstrarniðurstaða	(71.870)	20.413	96.936
Handbært fé í árslok.....	523.351	564.647	363.015
Eigið fé.....	(268.725)	(248.312)	(151.376)
Skuldir og skuldbindingar.....	8.341.705	8.390.966	8.203.930
Handbært fé frá rekstri.....	318.738	412.364	520.874
Fjárfestingar.....	(93.616)	(303.500)	(366.000)
Langtímakr. á eigin fyrirtæki, breyt.....	30.540	29.168	30.539
Afborganir langtímalána.....	(470.195)	(1.104.976)	(1.023.612)
Tekin ný langtímalán.....	71.523	804.000	665.000
Breyting á handbæru fé (lækkun).....	(138.053)	41.296	(201.631)
Framlegð sem hlutfall af tekjum.....	9,2%	11,6%	11,8%
Veltufé frá rekstri sem hl. af tekjum.....	9,8%	10,6%	12,1%
Veltufé frá rek./afb. lána og skuldb.....	0,9	0,4	0,5
Ný lántaka sem hlutfall af skuldum.....	0,9%	9,6%	8,1%
Fjárfestingar sem hlutf. af skuldum.....	1,1%	3,6%	4,5%
Endurgreiðslutími skulda.....	18	8	8
Veltufjárlutfall.....	0,6	0,4	0,5
A + B hluti:	Ársreikningur 2014	Útgögnuspá 2015	Áætlun 2016
Heildartekjur.....	5.457.573	5.701.557	6.006.229
Afkoma fyrir fjármagnsliði.....	691.562	848.919	759.815
Rekstrarniðurstaða	329.083	506.809	414.481
Handbært fé í árslok.....	533.869	564.647	363.015
Eigið fé.....	2.180.105	2.684.814	3.099.295
Skuldir og skuldbindingar.....	9.295.677	9.030.251	8.787.763
Handbært fé frá rekstri.....	977.325	1.144.721	1.130.703
Fjárfestingar skv. áætlun.....	(544.571)	(633.500)	(803.500)
Langtímakröfur breyting.....	11.705		
Afborganir langtímalána.....	(652.886)	(1.284.444)	(1.312.835)
Tekin ný langtímalán.....	71.523	804.000	784.000
Breyting á handbæru fé (lækkun).....	(136.904)	30.777	(201.631)
Framlegð sem hlutfall af tekjum.....	20,3%	22,4%	19,9%
Veltufé frá rekstri sem hl. af tekjum.....	19,6%	20,8%	19,5%
Veltufé frá rek./afb. lána og skuldb.....	1,6	0,9	0,9
Ný lántaka sem hlutfall af skuldum.....	0,8%	8,9%	8,9%
Fjárfestingar sem hlutf. af skuldum.....	5,9%	7,0%	9,1%
Endurgreiðslutími skulda.....	14	7	7
Veltufjárlutfall.....	1,0	0,6	0,9

Á bls. 13 er tafla sem lýsir helstu afkomutölum og efnahagsstærðum í fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar fyrir árið 2016 fyrir A hluta og samstæðu (A+B hluta í samanburði við ársreikning ársins 2014 og vænta útkomuspá fyrir árið 2015).

Á árinu 2015 var farið í að endurfjármagna rekstrarleigugeign. Sú fjármögnun kemur fram í afborgunum langtímalána og nýrri lántöku. Áhrif þessarar endurfjármögnunar eru engin á efnahagsreikning Fjarðabyggðar en til langs tíma lækkar endurfjármögnunin rekstrarkostnað Fjarðabyggðar. Áætluð lántaka á árinu 2016 er vegna endurfjármögnunar á erlendu láni sem er á loka gjalddaga á árinu. Þessar endurfjármagnanir hafa mikil áhrif á veltufjárhlutfall og veltufé frá rekstri sem hlutfall af afborgunum lána.

Áætlað er að skuldaviðmið Fjarðabyggðar verði 145,3% í árslok 2015 fyrir samstæðu en 181% fyrir A hlutan einan og sér eins og sjá má í töflu hér að neðan. Í árslok 2016 er gert ráð fyrir að skuldaviðmiðið verði 133,4% fyrir samstæðu en 161,2% fyrir A hluta. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 skal skuldaviðmið fyrir A+B hluta ekki vera hærra en 150% af reglulegum tekjum. Fjarðabyggð gerði í samráði við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga á árinu 2012 áætlun um að þessu markmiði um skuldaviðmið A og B hluta yrði náð á árinu 2018. Tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2016 gerir ráð fyrir að þessu takmarki verði náð í árslok 2015. Annað skilyrði sveitarstjórnarlaga er að samanlögð heildarútgjöld séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærra en samanlagðar reglulegar tekjur. Því viðmiði hefur Fjarðabyggð náð og mun halda.

	2014	2015*	2016*
A+B samstæða			
Skuldahlutfall A+B hluta	170,3%	158,4%	146,3%
Skuldahlutfall A hluta	203,3%	196,8%	177,2%
	2014	2015*	2016*
Skuldaviðmið A+B hluta	157,1%	145,3%	133,4%
Skuldaviðmið A hluta	186,4%	180,1%	161,2%
Hámarks skuldaviðmiðs	150,0%	150,0%	150,0%
* Samkvæmt áætlun			

Niðurstöður þessarar fjárhagsáætlunar sýna að Fjarðabyggð mun uppfylla flest öll þau lágmarksviðmið sem Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur sett, s.s. um framlegð af tekjum, veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum, veltufé frá rekstri sem hlutfall af lánunum og skuldbindingum og endurgreiðslutíma skulda. Eina frávikðið sem þessi áætlun sýnir snýr að veltufjárhlutfallinu sem verður undir lágmarksviðmiði sem sérstaklega má rekja til endurfjármögnunar rekstrarleiguláns á árinu 2016 og stórrar afborgunar á einu láni á árinu 2016. Samspil nýrra fjárfestinga ásamt fjárfestingum á móti veltufé frá rekstri uppfyllir lágmarksskilyrði nefndarinnar því óverulegur hluti greiðslu afborgana og fjárfestinga er fjármagnaður með lántöku.

1.6. Rekstrarreikningur samstæðu Fjarðabyggðar 2016

Samstæðuyfirlit Fjarðabyggðar						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur 2014	Útkomuspá 2015	Áætlun 2016	Rauntölur 2014	Útkomuspá 2015	Áætlun 2016
Rekstrarreikningur						
Tekjur:						
Skatttekjur.....	2.945.167	3.120.096	3.372.030	2.930.629	3.105.574	3.357.508
Framlög jöfnunarsjóðs.....	456.697	506.795	563.077	456.697	506.795	563.077
Aðrar tekjur.....	700.808	636.560	694.270	2.070.247	2.089.188	2.085.644
	<u>4.102.672</u>	<u>4.263.451</u>	<u>4.629.377</u>	<u>5.457.573</u>	<u>5.701.557</u>	<u>6.006.229</u>
Gjöld:						
Laun og launatengd gjöld.....	2.400.727	2.522.850	2.738.999	2.583.115	2.741.510	2.990.298
Annar rekstrarkostnaður.....	1.324.703	1.244.158	1.342.764	1.768.946	1.685.649	1.821.123
Afskriftir.....	213.046	216.044	205.244	413.950	425.479	434.993
	<u>3.938.476</u>	<u>3.983.052</u>	<u>4.287.007</u>	<u>4.766.011</u>	<u>4.852.638</u>	<u>5.246.414</u>
Niðurstaða án fjármagnsliða	164.196	280.399	342.370	691.562	848.919	759.815
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):						
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur.....	52.289	22.936	37.089	52.289	25.039	39.724
Vaxtatekjur af kröfum á eigin fyrirtæki.....	0	42.094	46.199	0	(0)	0
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(288.355)	(269.086)	(270.447)	(373.206)	(367.148)	(385.059)
Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki.....	0	(55.929)	(58.275)	0	(0)	(0)
Gengismunur.....	0	0	0	0	0	0
	<u>(236.066)</u>	<u>(259.986)</u>	<u>(245.434)</u>	<u>(320.917)</u>	<u>(342.109)</u>	<u>(345.335)</u>
Rekstrarniðurstaða án framlaga	(71.870)	20.413	96.936	370.645	506.809	414.481
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga.....	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur.....	0	0	0	(9.241)	0	0
Rekstrarniðurstaða.....	<u>(71.870)</u>	<u>20.413</u>	<u>96.936</u>	<u>361.404</u>	<u>506.809</u>	<u>414.481</u>

1.7. Efnahagsreikningur samstæðu Fjarðabyggðar 2016

Efnahagsreikningur - eignir						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur 2014	Útkomuspá 2015	Áætlun 2016	Rauntölur 2014	Útkomuspá 2015	Áætlun 2016
Egnir						
Fastafjármunir:						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
Fasteignir	4.840.653	4.973.186	5.141.128	5.189.726	5.294.638	5.439.947
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	493.294	494.875	509.182	4.000.441	4.152.900	4.396.535
Vélar, áhöld og tæki	102.386	102.757	128.295	130.536	129.884	162.245
Leigueignir	418.310	371.280	324.251	437.419	388.621	339.823
	5.854.644	5.942.099	6.102.855	9.758.122	9.966.043	10.338.550
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
Eignahlutir í félögum	513.136	513.136	513.136	507.628	507.628	507.628
Skatteign	0	0	0	21.614	21.614	21.614
Langtímakröfur	0	90	93	0	34.921	36.039
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	465.286	445.527	433.777	(0)	(0)	(0)
	978.422	958.753	947.006	529.241	564.163	565.280
Fastafjármunir samtals	6.833.066	6.900.852	7.049.861	10.287.364	10.530.206	10.903.830
Veltufjármunir:						
Birgðir	0	0	0	8.550	8.550	8.550
Skammtímaskröfur:						
Óinnheimtar tekjur	201.623	201.623	201.623	201.623	201.623	201.623
Skammtímaskröfur á eigin fyrirtæki	286.275	248.168	214.741	0	0	0
Aðrar skammtímaskröfur	197.306	197.306	197.306	410.037	410.037	410.037
Næsta árs afborganir langtímaskrafna	89	0	0	34.338	0	0
Næsta árs afb. Langtímaskr. á eigin fyrirtæki ..	31.271	30.058	26.007	(0)	0	0
Handbært fé	523.351	564.647	363.015	533.870	564.647	363.015
Veltufjármunir samtals	1.239.915	1.241.802	1.002.692	1.188.417	1.184.857	983.225
Egnir samtals	8.072.980	8.142.654	8.052.554	11.475.781	11.715.063	11.887.056

Efnahagsreikningur - eigið fé og skuldir						
Eigið fé og skuldir						
Eiginfjárreikningar:						
Eigið fé	(268.725)	(248.312)	(151.376)	2.180.105	2.684.814	3.099.295
Eigið fé samtals	(268.725)	(248.312)	(151.376)	2.180.105	2.684.814	3.099.295
Skuldbindingar:						
Lífeyrisskuldbindingar	1.746.721	1.864.470	1.986.230	1.868.885	1.990.350	2.116.050
	1.746.721	1.864.470	1.986.230	1.868.885	1.990.350	2.116.050
Langtímaskuldir:						
Skuldir við lánastofnanir	3.647.963	3.471.135	3.910.263	5.393.302	4.956.402	5.412.905
Leiguskuldir	807.346	162.581	161.283	843.099	197.349	192.616
	4.455.309	3.633.716	4.071.545	6.236.401	5.153.751	5.605.521
Skammtímaskuldir:						
Skuldir við eigin fyrirtæki	1.159.795	1.325.928	1.264.068	0	(0)	(0)
Næsta árs afborganir langtímaskulda	386.684	1.008.590	323.284	555.435	1.288.819	468.180
Næsta árs afborganir leiguskulda	40.895	5.960	6.501	47.995	10.367	11.048
Aðrar skammtímaskuldir	552.301	552.301	552.301	586.961	586.961	586.961
	2.139.675	2.892.780	2.146.155	1.190.391	1.886.149	1.066.191
Skuldir og skuldbindingar samtals	8.341.705	8.390.966	8.203.930	9.295.677	9.030.251	8.787.763
Eigið fé og skuldir samtals	8.072.980	8.142.654	8.052.554	11.475.781	11.715.063	11.887.056

1.8. Sjóðstreymisýfirlit samstæðu Fjarðabyggðar 2016

Sjóðstreymisýfirlit						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur 2014	Útkomuspá 2015	Áætlun 2016	Rauntölur 2014	Útkomuspá 2015	Áætlun 2016
Rekstrarhreyfingar:						
Niðurstaða ársins.....	(71.871)	20.413	96.936	360.350	506.809	414.481
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir	213.046	216.044	205.244	413.950	425.479	434.993
Verðbætur og gengismunur	44.684	58.157	96.935	69.741	92.966	159.529
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	3.756	0	0	(1.671)	(2.000)	(4.000)
Tekjuskattur og aðrar breytingar	0	0	0	5.653	0	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingum	211.287	155.391	160.530	221.226	162.774	168.141
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	400.902	450.005	559.645	1.069.250	1.186.028	1.173.145
Breytingar á skammtímalíðum:						
Birgðir, lækkun (hækkun)	0	0	0	5.155	0	0
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)	(24.550)	0	0	(24.550)	0	0
Aðrar skammtíma-, lækkun (hækkun)	(15.337)	0	0	(33.153)	0	0
Skammtímaskuldir, lækkun (lækkun)	3.906	0	0	11.846	0	0
Afborganir lífeyrisskuldbindinga	(46.184)	(37.641)	(38.771)	(51.222)	(41.307)	(42.441)
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	(82.164)	(37.641)	(38.771)	(91.924)	(41.307)	(42.441)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	318.738	412.364	520.874	977.325	1.144.721	1.130.703
Fjárfestingarhreyfingar:						
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	(199.971)	(303.500)	(366.000)	(666.276)	(640.500)	(810.500)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	106.355	0	0	121.705	7.000	7.000
Langtímaerfingur, breyting.....	289	(0)	(0)	11.705	0	0
Langtímaerfingur við eigin fyrirtæki, breyting.....	30.251	29.168	30.539	0	0	(0)
Fjárfestingarhreyfingar	(63.076)	(274.332)	(335.461)	(532.866)	(633.500)	(803.500)
Fjármögnunarhreyfingar:						
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	4.958	204.240	(28.433)	0	0	0
Tekin ný langtímalán.....	71.523	804.000	665.000	71.523	804.000	784.000
Afborganir langtímalána.....	(470.195)	(1.104.976)	(1.023.612)	(652.886)	(1.284.444)	(1.312.835)
Fjármögnunarhreyfingar	(393.714)	(96.736)	(387.045)	(581.363)	(480.444)	(528.835)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(138.053)	41.296	(201.631)	(136.904)	30.777	(201.631)
Handbært fé (fjárþörf) í ársbyrjun	661.403	523.351	564.646	670.773	533.868	564.646
Handbært fé (fjárþörf) í árslok	523.351	564.646	363.015	533.869	564.646	363.015

1.9. Málaflokkayfirlit samstæðu Fjarðabyggðar 2016

Málaflokkayfirlit											
Árið 2016											
	Skatt- tekjur	Framlög jöfnunar- sjóðs	Aðrar tekjur	Tekjur samtals	Laun og launatengd gjöld	Annar rekstrar- kostnaður	Afskriftir	Gjöld samtals	Fjármagns- liðir nettó	Framlög hlutdeildir og aðrir liðir	Rekstrar- niðurstaða
Aðalsjóður											
00 - Skatttekjur.....	3.445.490	537.654	0	3.983.144	0	200		200			3.982.944
02 - Félagsþjónusta.....	0	25.423	42.676	68.099	223.943	237.975		461.918		(393.819)
03 - Heilbrigðismál.....	0	0	0	0	0	13.023		13.023		(13.023)
04 - Fræðslu- og uppeldismál.....	0	0	200.180	200.180	1.504.637	796.360		2.300.997		(2.100.817)
05 - Menningarmál.....	0	0	30.813	30.813	49.531	162.455		211.986		(181.173)
06 - Æskulýðs- og íþróttamál.....	0	0	102.195	102.195	216.462	512.764		729.226		(627.031)
07 - Brunamál og almannavarnir.....	0	0	129.934	129.934	197.560	72.194		269.754		(139.820)
08 - Hreinlætismál.....	0	0	16.801	16.801	0	24.703		24.703		(7.902)
09 - Skipulags- og byggingamál.....	0	0	50.202	50.202	72.727	36.107		108.834		(58.632)
10 - Umferðar- og samgöngumál.....	0	0	76.994	76.994	41.243	236.949		278.192		(201.198)
11 - Umhverfismál.....	0	0	22.302	22.302	78.088	60.413		138.501		(116.199)
13 - Atvinnumál.....	0	0	3.626	3.626	764	48.170		48.934		(45.308)
21 - Sameiginlegur kostnaður.....	0	0	130.128	130.128	193.254	155.183		348.437		(218.309)
22 - Lífeyrisskuldbindingar.....	0	0	0	0	160.530	0		160.530		(160.530)
28 - Fjármagnsliðir.....	0	0	0	0	0	0		0	89.293		89.293
Aðalsjóður	3.445.490	563.077	805.851	4.814.418	2.738.739	2.356.496	0	5.095.235	89.293	0	(191.524)
Aðrir sjóðir í A - hluta											
Eignasjóður.....	0	0	948.217	948.217	260	268.905	166.990	436.155	(320.124)	0	191.938
Eignarhaldsfélagið Hraun ehf.....	0	0	195.486	195.486	0	46.107	38.254	84.361	(14.603)	0	96.522
Millifærslur A-hluta.....	(73.460)		(1.255.284)	(1.328.744)	0	(1.328.744)		(1.328.744)	(0)	0	(0)
A - hluti samtals	3.372.030	563.077	694.270	4.629.377	2.738.999	1.342.764	205.244	4.287.007	(245.434)	0	96.936
Sjóðir í B - hluta											
Rafveita.....	0	0	272.997	272.997	129	225.176	11.046	236.351	(125)	0	36.521
Hitaveita.....	0	0	164.053	164.053	10.966	74.984	27.232	113.182	(33.720)	0	17.151
Vatnsveita.....	0	0	186.252	186.252	19.477	56.704	28.543	104.724	(45.038)	0	36.490
Fráveita.....	0	0	121.457	121.457	14.132	42.035	12.341	68.508	(27.568)	0	25.381
Hafnarsjóður.....	0	0	729.931	729.931	196.844	280.598	134.354	611.796	43.404	0	161.539
Félagslegar íbúðir.....	0	0	116.956	116.956	0	74.335	15.373	89.708	(31.431)	42.000	37.817
Sorpstöð.....	0	0	91.846	91.846	9.751	73.167	860	83.778	(5.422)	0	2.646
Millifærslur AB-hluta.....	(14.522)		(292.118)	(306.640)	0	(348.640)		(348.640)	(0)	0	42.000
A og B hluti samtals	3.357.508	563.077	2.085.644	6.006.229	2.990.298	1.821.123	434.993	5.246.414	(345.335)	42.000	456.481

